D
P Scan 1506.5

Kvennablaðið kostar 3 kr. innanlands erlendis kr. 3 60 (1 dollar vestanhafs) 1/2 verðsins borgist fyrfram, en 1/2 fyrir 15. júli.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útget. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

25. ár. | Reykjavík, 30. nóv. 1919. | № 11.

Bréf frá Wien.

Nú, þegar svo mikið hefir verið talað um Wien og Wienarbörnin síðustu vikurnar, þá er ekki ófróðlegt að heyra hvað merk kona í Wien skrifar um ástandið þar 18. okt. sl. í danska blaðið »Tidens Kvinder«. Hún segir svo frá:

Wien. — Wienarkona. — Með þessum orðum áttu útlendir menn venjulega við gleði og fögnuð. En nú, þegar stríðið, og ekki síð ur þegar friðurinn hefir fullkomnað sitt skelfilega verk, þá verða menn því miður með Wien að undirskilja hungur, dýrtíð og vonleysi, þau örlög sem hafa dunið yfir vort litla land, sem nú er orðið, með sínum núverandi tiltölulega stóra höfuðstað. (Austurríki hefir nú 6 milljónir íbúa, og þar af 2 milljónir í Wien, í staðinn fyrir að áður en landamerkin voru jöfnuð, hafði Austurríki 38 milljónir íbúa). Borið saman við allan hinn stóra heim, getur þetta ef til vill sýnst lítilsvirði. En þó getur ef til vill smáþjóð, eins og danska þjóðin er, fundist þetta ekki alveg einskisvirði, og einkum getur dönskum konum máske þótt fróðlegt að heyra hvernig *vorum* konum líður. Því konurnar, sem hafa það óhjákvæmilega, en nú óframkvæmanlega hlutverk að fæða og seðja fjölskylduna, halda fötum barnanna í góðu lagi og sjá um að heimilið sé þægilegur bústaður fyrir húsbóndann, þær finna einmitt mest og sárast neyðina og dýrtíðina. Fáeinar tölur munu gera hverri húsmóður þetta skiljanlegra en mörg orð. — Eg skal því nefna verð á ýmsum matvörum fyrir og eftir stríðið.

Fyrst og fremst brauðið. Árið 1913 kostaði gott tveggja punda brauð 28 hellera. Nú kostar sama þyngd 2 kr. 40 hell. og þó bætist þar við stór uppbót frá ríkinu, sem lækkar þau í verði frá því sem þau annars hefðu verið. En henni verður nú slept bráðlega, og þá hækkar brauðið mikið í verði ennþá.*

Árið 1913 kostaði 1 kíló hveiti 28 hellera, *nú* 5 kr. 40 hell, — *þá* 1 kíló kjöt 2—3 kr., *nú* 40—60 kr., — *þá* 1 kíló svínafeiti 2 kr. 40 hell., *nú* 44 kr., — *þá* 1 kíló kartöflur 10—14 hell., *nú* 2 kr. 60 hell., — 3 kr. 60 hell., — *þá* egg pr. stk. 6—14 hell., *nú* 2 kr. 50 hell., — *þá* 1 liter mjólk 28 hell., *nú* 2 kr.

Þetta er nú opinbera verðið. En af því svo lítið er um matvörur, að hverjum sem vill metta sig og sína, að minsta kosti að hálfu leyti, er nauðsynlegt að útvega sér þessar vörur með smyglun, þá verður verðið í raun og veru mikið hærra.

Brauðskamtur okkar er 1 1/2 kíló á mann um vikuna. Af mjöli fáum við 1/4 kíló þegar flutningarnir ganga vel,** en það vantar oft alveg vikunum saman. Af kartöflum fáum við 1/4 kíl. á mann um vikuna, og fyrir þessa ómetanlegu matvöru borgar maður í laumi 5—7 kr. fyrir kílóið — með gleði. Fyrir eitt brauð 12—20 kr., fyrir 1 kíló mjöl 20—30 kr. Af feiti áttum við að fá um vikuna 120 gr. á mann. Smjör höfum við ekki séð árum saman. Það fæst í laumuverzlun fyrir 150 kr. pr. kíló. Af eggjum kemur ofurlítið við og við á markaðinn. Í launverzlun kostar eggið kr. 3—3,50. Börn undir 2 ára aldri eiga að fá 1/2 líter af mjólk daglega, og gamalt fólk og heilsulítið á að fá 1/4 líter. Í launverzlun er mjólkin seld á 6—10 kr. líter.

En við þetta bætist, að sjálf launverzlunin

* Fyrir stríðið var 1 dönsk kr. hér um bil 1 kr. 30 hell. í Austurríki. Ein austurrísk kr. var þá 76 danskir aur.

** Af kjöti er skamturinn á mann 100 grömm, þ. e. 1/4 pd. á viku, þegar það fæst.

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

er mjög torsótt af öðrum ástæðum. Húsmóðirin verður venjulega sjálf að sækja vörurnar út í sveitirnar. Það er að segja. Hún verður að fara margra kl.st ferð með eimlestunum, sem ott eru offyltar af fólki, og síðan ganga margra kl.st.-göngu með stóra poka á bakinu, fulla af kartöflum, og mjólkurfötu í hendinni. Þetta er ekki lítil áreynsla. En auk þess kostar það margar veluppaldar, tilfinningasamar konur mikla sjálfsafneitun, ekki af því að þetta sé ólöglegt, — því að þá hlið málsins erum við nú því miður hætt að virða, — heldur af því að bændurnir haga sér svo ókurteislega og óvingjarnlega við þessar konur, nálega eins og þær væru ölmusukindur. Oft vilja þeir ekki selja vörur sínar fyrir peninga, heldur fyrir fataefni eða föt og léreftsfatnað. Það hefir stigið nærri því enn þá meira í verði en matvörur. Skófatnaður, hörléreft og dúkar, bómullardúkar, ullardúkar og sokkar kosta 20—30 sinnum meira en fyrir stríðið. Ein kvenstígvél kosta 200—300 kr., 1 meter af lélegu, gagnsæju kjólaefni (Chiffon) 26 kr., 1 meter af ullardúki 200—300 kr., einir ullarsokkar 20—30 kr., einfaldur, íburðarlaus kjóll 1000 kr. Á sama hátt hafa öll heimilisáhöld stigið í verði. Glugglarúða sem brotnar, eða teketill, sem þarf að kaupa, kostar heilar, stórar fjárupphæðir.

Eins og eg gat áðan um, jafngilti ein dönsk króna í peningum fyrir stríðið, einni austurrískri krónu og 30 hellerum Núna fæ eg fyrir eina danska krónu 16 austurríkskar krónur. Og þó er okkar mynt enn þá að lækka.

Auðvitað hefir öll þessi dýrtíð mikil áhrif á verkalaunin. Sá verkamaður, sem fyrir stríðið fekk 3—5 kr. í daglaun, fær nú 20—50 kr. á dag. Kvennalaunin hafa líka hækkað, þótt þau séu altaf miklu lægri en karlmannanna. Ung skrifstofustúlka fær nú t. d. um mánuðinn 600—800 kr., en fyrir stríðið 100—150 kr.

Í þessum stéttum fylgjast tekjur og gjöld nokkurnvegiun að. En þeir sem verstum búsifjum sæta, er hin svokallaða millistétt, þar sem tekjurnar hækka annaðhvort smámsaman eða alls ekki. T. d. embættismenn ríkisins, eftirlaunafólk, og þeir sem lifa af dálitlum eigum. Og loks allir, sem vinna að frjálsum, andlegum störfum, t. d. embættislausir prófessorar, rithöfundar, listamenn, o. s. frv. Þetta fólk er að verða hreinustu öreigar, sem líka sést bezt á kjörum húsmæðranna í þessum stéttum. Áður voru þær vanar að halda vinnukonu, sem nú er auðvitað ómögulegt dýrtíðarinnar vegna. Nú verða þær sjálfar að gera öll hússtörfin, og það undir erfiðustu kringumstæðum sem hugsast geta. Til dæmis er þvottur nær því ómögulegur vegna kolaleysis og hins dæmalausa sparnaðar með að nota sér rafmagn og gas.

Sporvagnaferðunum fækkar mjög mikið, stundum jafnvel teknar af með öllu, talsíminn er í ólagi. Alt þetta leggur svo mikla vinnu á þessar konur, að þær fá ekki undir henni risið. Eg þekki t. d. frú nokkra, sem er gift einum af hærri embættismönnum ríkisins. Hún er hágáfuð og hámentuð kona, og orðin fræg sem rithöfundur. En af því að hún þarf að sjá um stóra fjölskyldu, og hefir engum á að skipa til vinnu, þá verður hún ekki einungis að gera öll hússtörfin sjálf, heldur verður hún að fara á fætur kl $4^1/_2$ á hverjum morgni, til þess að geta komið þeim af.

Einasti léttirinn sem húsmæðurnar fá, eru »samlagseldhúsin«, sem fjöldi heimila sækir allan miðdagsverð sinn til. Fyrir milli-stéttina eru þau hreinasti velgerningur. Þau eru stofnuð og rekin á þjóðfélags-hagsmunalegum grundvelli. Þau bjóða sæmilegan miðdagsverð, þótt ekki sé hann ríkulegur, fyrir 4—5 kr. (sama og 25—28 danskir aurar) og má gera hvort menn vilja, að eta matinn þar, eða fara með hann heim. Á þessu sviði hefir heimilisfærslan teki'ð stórum félagslegum framförum, sem er að þakka nokkrum duganði og framtakssömum konum. Á sama hátt þörfnumst við sameiginlegra stofnana sem tækju að sér ræstingu heimila og fataþvott. Við það yrði öll heimilisfærslan hægri og ódýrari. En húsnæðisleysið sem nú er, og ómöguleikarnir við að byggja, gera slíkar umbætur ómögulegar sem stendur.

Stór hjálp var sumarfrís tilboð hlutlausu

þjóðanna fyrir aumingja börnin okkar, sem fengið hafa berklaveiki af illri og ónógri fæðu. Þau veittu þúsundum af smábörnum nokkurra vikna holla fæðu. En enn þá meiri hjálp var hjálparstarfsemi Ameríku, sem hélt lífinu í meira en 100,000 börnum í Wien. Athugavert við þessa starfsemi, — þó það sé í raun og veru réttmætt, — er tilfinningaskorturinn fyrir öðru en mikilvægustu mannalífunum, og að alls ekkert er gert fyrir gamalmennin, sem þó þjást mikið af þessari illu, ónógu og óvanalegu fæðu. Þau er ekki unt að senda til útlanda, og þegar enginn hér heima hugsar um þau eða réttir þeim hjálparhönd, þá deyja þau í hópum, sem flugur, oftast nær á ellihælum okkar, en einnig mörg á heimilunum.

Sjúkdómar í hverri fjölskyldu er stór og afleiðingaríkur viðburður, því hvernig á að fæða sjúklinga án mjólkur, eggja, o. s frv. Og fáist hæna keypt þá kostar hún minst 100 krónur. Og þó er það verst af öllu, að framtíðin er langtum svartari en nútíðin. Allir, sem þekkja nokkuð til ástandsins hér, líta með angist og kvíða til vetursins sem fer í hönd. Kuldi, hungur, og enn hærra verðlag á öllu, eru þær framtíðarhorfur, sem við sjáum. Og ofan á allar þessar heimilis áhyggjur bera margar konur þungar sorgir og áhyggjur af því að vita mann sinn, son eða föður vera í Síberíu, þar sem þúsundir af mönnum vorum sitja í fangelsum. Árum saman höfum við ekkert frétt af þeim.

Þér sjáið, kæri lesari, að Wienar-konurnar þurfa á öllu sínu alþekta, góða skaplyndi að halda, til þess að geta staðið uppréttar undir núverandi ástandi. Þær hafa mjög lítinn tíma til að gleðjast yfir sínum nýfengnu pólitísku réttindum og til að taka þátt í pólitíska lífinu. Einnig í þessum efnum verðum við að byrja frá grunni.

18. október 1919.

Leopoldine Kulka.

„Værnehjemmet" í Kaupmannahöfn.

Margar íslenzkar stúlkur hafa nú á síðustu árum lært að þekkja þetta heimili og búið þar. Það hefir verið ýmsum þeirra ómetanlegur hagur að fá þar óhult og mjög ódýrt heimili, þegar þær komu félitlar og einmana í þessa ókunnu stórborg. Og foreldrum og vandamönnum þeirra hér heima var það næg trygging að vita af þeim þar til þess að geta verið óhrædd um þær, meðan þær voru að kynnast bæjarlífinu.

„Værnehjemmet" er aðallega bygt fyrir forgöngu danskrar konu, Regitze Berner, sem unnið hafði áður mjög mikið og gott verk til að hjálpa ungum stúlkum, sem vilst höfðu afvega í lífinu. Því hafði hún, sem ung stúlka um 1860, gengið í fangelsafélagið og sá þá brátt að þar þurfti alt mikilla umbóta við, einkum alt er snerti kornungar stúlkur sem lentu þar. Í þessu félagi var hún starfandi í 19 ár, og fekk smámsaman miklum og gagngerðum umbótum komið á þar, fyrir hið ógæfusama fólk sem lenti þar. Mátti heita að öllu fyrirkomulagi á fangelsum fyrir konur, einkum ungar stúlkur, væri breytt eftir hennar ráðum.

En upp úr þessari starfsemi spratt önnur starfsemi hennar. Það voru hæli eða heimili fyrir bæði unga og gamla, þótt henni hefði verið ráðlagt að loka augunum fyrir ýmsum göllum sem væru óhjákvæmilegir, þá fór hún ekki að því. Í öll þessi ár vann hún að þessu markmiði sínu, að bæta hagi þessara kvenna, og 1877 var það hún, sem lagði hyrningarsteininn að hæli fyrir ungar stúlkur, sem komist hafa í bága við lögin, þegar þær sleppa úr fangelsunum.

Um þessar mundir varð hún að hætta við þessa 19 ára starfsemi sína. Þá var það að hún hitti vinkonu sína barónessu Lilly Stamps, sem skýrði henni frá Alþjóðafélaginu „Unian des Amies de la Jeune fille", og vildi hún fá einhvern slíkan félagsskap stofnaðan í Danmörku. „Það væri eitthvað handa þér", sagði hún við ungfrú Berner.

Þetta atvik varð einskonar krossvegur í lífi hennar. Hún fann að í þessa átt vildi hún vinna. Ekki einungis fyrir þær fáu, ungu stúlkur, sem ferðuðust til útlanda, heldur fyrir þær mörgu, sem komu utan úr sveitunum inn í höfuðborgina, ókunnugar og félitlar; sem hvorki þektu þær freistingar og hættur, sem þar gætu mætt þeim, né þær kynnu að varast þær.

Á þessu fyrirtæki sínu byrjaði hún þegar í stað. En fyrsta leiðin var að safna fé. Til þess að það yrði nægilegt, þurfti hún að ná tali af sem flestum heimilum landsins, sem vildu senda dætur sínar inn í borgina. Og til þess að geta það fór hún

fyrirlestraferð um alt landið og hélt þar fræðandi fyrirlestra um mál þetta. Hún vann að þessu stöðugt í 12 ár, frá 1882—1894. Alstaðar lagði hún til að stofnuð væru félög um mál þetta, í hverri sveit og hverjum bæ. Á þann hátt mynduðust 70 sambands verndarfélög kvenna („Værneforeninger").

En þetta var aðeins vegurinn að markmiðinu. En markmiðið var að koma byggingu upp í Kaupmannahöfn, þar sem ungar stúlkur gætu fengið gott, óhult og ódýrt heimili. Um þetta talaði hún á stórum fundi í Betzeba í Kaupmannahöfn og gjafirnar streymdu svo ríkulega til hennar, að henni var unt að leggja hyrningarsteininn að „Værnehjemmet" í Helgolandsgade í Khöfn 1889. En á bak við stóðu hin sameinuðu verndarfélög, er hún hafði stofnað víðsvegar um landið. Það voru þau, sem komu starfseminni á fót, og síðan hafa rekið hana, með styrk af ríkissjóði og (líkl.) bæjarsjóði. Lóðina fekk hún mjög ódýrt, og þegar byggingin var vígð, gaf hinn fyrri lóðareigandi félaginu 10,000 kr., sem eftir stóðu af lóðarverðinu.

„Værnehjemmet" er þannig útbúið, að það er í tveimur deildum, A-deildin fyrir stúlkur sem stunda bóklegt nám og B-deildin handa þeim sem stunda verklegt nám. Í A-deildinni hafa stúlkur eitt lítið herbergi hver, með ljósi, hita, húsbúnaði og kosti. Er þar nokkuð betri viðurgerningur en í B-deildinni, enda talsvert dýrari. Í B-deildinni búa 2 stúlkur saman í hverju herbergi. Lengi var mjög ódýrt að búa á þessu heimili. Í fyrstu jafnvel ekki meira en 15—25 kr. um mánuðinn. Auðvitað gat það tæplega verið fínn kostur, en allgóður og nægilegur var hann handa öllum þeim, sem ekki voru því vandfæddari.

Fyrir hverri þessari deild stendur sérstök kona, en maturinn er allur búinn til í B-deildinni.

Ungfrú Regitze Benner bjó á „Værnehjemmet" í mörg ár. Hún stofnaði einnig ellihælið „Vesterled", og bjó þar sjálf um tíma. Hún dó í Valleyjar-ungfrúaklaustri, sem „stifts-dama", 1911.

Nú hefir dýrtíðin og aðrar erfiðar kringumstæður komið „Værneforeningen" í 40,000 kr. skuld. Og þessvegna hélt félagið 40 ára afmæli sitt, 20. nóv. sl. hátíðlegan á sama hátt og Regitze Berner, þegar hún var að safna til ellihælisins: *að* senda út öskjur, sem ætlast er til að allir þeir sem hjálpa vilja félaginu, kaupi og einkum þær stúlkur, og vandamenn þeirra, sem búið hafa á „Værnehjemmet", fái sér, og leggji svo í hverja öskju 25 aura á viku í eitt ár.

Á þenna hátt vill félagið ná inn fé til að borga skuldir sínar og heiðra um leið menningu þeirrar konu sem stofnaði þessi heimili, með því að vinna á sama hátt og hún.

***

Íslenzkar stúlkur sem hafa verið á „Værnehjemmet" í Khöfn og notið hafa þar sömu réttinda og fvilnunar og danskar stúlkur, ættu að leggja fram sinn skerf til þessara samskota.

Öllum réttindum fylgja skyldur, og þegar útlendar stofnanir veita Íslendingum sömu fvilnanir og sínum eigin landsmönnum, þá leggja þær þeim líka sömu skyldur á herðar.

Vilji einhverjar konur og stúlkur sem notið hafa góðs í þessari stofnun, eða ættingjar þeirra, gera eitthvað í þessa átt, væri bezt að einhver þeirra gengist fyrir því. En verði engin forusta frá þeim í þessu efni, þá mun Kvennablaðið veita slíkum samskotum fúslega viðtöku og koma þeim til skila gegn kvittunum til gefendanna. En þá með því skilyrði, að samskotin yrði ekki altof naum í samanburði við gefendafjöldann hér á landi.

Briet Bjarnhéðinsdóttir.

Árni Eiríksson.

Ts: 265. — Símnefni: Ullur. — Ph: 277 — 506.

Heildsala. — Smásala.

Vefnaðarvörur.
Prjónavörur.
Saumavörur.
Jólagjafir og
Leikföng.

Stærstu birgðir og mest úrval á öllu landinu.

H.f. Carl Höpfner, heildsöluverzlun

Kornvörur:

Rúgmjöl
Hálfsigtimjöl.
Perlusago.
Kartöflumjöl.
Baunir, heilar.
Bankabygg.
Kartöflur.

Nýlenduvörur:

Kaffi, RIO.
Exportkaffi.
The.
Chocolade.
Cacao.
Sykur, st.
Macaroni.
Confect.
Appelsínur.
Marmelade.
Skraatobak.

Ýmsar vörur:

Mjólk, sæt.
Mjólk, ósæt.
Ávextir, niðursoðnir.
Ostar: Gouda, Steppe.
Mysuostur.
Rúsínur.
Sveskjur.
Grænsápa í tn.
Brúnsápa í tn.
Stangasápa.
Sódi.
Margarine.
Kex í tn. og kex ósætt.
Ixion kex, sætt, ósætt.
Kerti.
Spil, fleiri teg.
Byggingarefni, allsk.
Málaravörur.
Ofnar, eldavélar, rör, m. teg.

Mislit silkisvuntuefni

nýkomið í

Braun's verzlun

Aðalstræti 9.

VERSLUNIN
EDINBORG

HAFNARSTR. 14. SÍMI 298.

Í Vefnaðarvörudeildinni:

Kvenna- og barnahattar, mikið úrval. — Ullarflauel sv. og misl. — Peysufataklæði. — Dragtaklæði — Karmgarn. — Musselin. — fleiri teg. — Morgunkjólaefni. — Flónel. — Tvisttau mikið úrval. — Hvít léreft og óbleikt ótal tegundir. — Sængurdúkar — Lakaléreft. — Rúmteppi. — Borðdúkar. — Gólfdúkar. — Höfuðsjöl. — Silkitau stórt úrval. — Silkitreflar. — Allskonar klútar. — Ilmvötn, og ótal margt fleira.

Í Glervörudeildinni:

Dönsk postulinsgerð: — Grunnir og djúpir diskar. — Kaffikönnur. — Sykur- og Rjómaker. — Kaffi- og Tebollapör, og alt tilheyrandi matarstellum.

Emaillerað: Kaffikönnur- og Katlar. — Skaftpottar. — Matarpottar fleiri teg, — Skolpfötur. — Mjólkurfötur og allskonar eldhúsgögn.

—o—

Blómsturpottar. — Leirkrukkur. — Þvottastell. — Ferðakistur- og Töskur. — Gólfmottur. — Gólfskrúbbur. — Mubluáburður. — Fægiduft. — Primusar. — Primushausar — Eldspítur. — Speglar. — Vatnsglös. — Margskonar glervarningur. — Melrosete o. s. frv.

Jòn Hjartarson & Co.

Hafnarztræti 4. **Sími 4.**

Selur alls konar matvöru.

Vindla. Tóbak. Cigarettur. Chocolade. Confekt.

Gosdrykki. Öl. Retorm.

Jón Hjartarson & Co.

Brauns verzlun

Aðalstræti 9.

Hefir fyrirliggjandi í stóru og fjölbreyttu úrvali:

Smekksvuntur, hvítar og misl.
Drengja- og Telpusvuntur.
Drengjaföt. Barnakjólar.
Millipils, svört og mislit.
Dömskyrtur og Buxur.
Náttkjólar og undirlíf.
Rúmteppi. Ullarteppi.
Dömuklæði. Cheviot.
Hvít Léreft. Flónel, Tvisttau.
Sængurdúk. Lakaléreft.
Alfatnaði og Vetrarfrakka — handa karlmönnum og ungling.
Enskar Húfur.
Linir Hattar.
Manshettskyrtur frá nr. 14 til 18½.
Nærföt, karlm. og drengja.
Silkihálsklútar.
Axlabönd.
Sokkar.
Fataefni af mismunandi verði.
Ferðateppi.
Vattteppi.
Gólfteppi af öllum stæðum.

Ekkert er kærkomnara í jólagjöf en falleg föt.

Skoðið kápurnar, kjólana og blúsurnar

í

Verzlun Augustu Svendsen.